



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 16. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

### 3. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 2. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar lagði oddviti fram eftirfarandi bókun fyrir hönd sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn hefur ríkan skilning á þeim aðstæðum sem sköpuðust og gerðu það nauðsynlegt að vegur nr. 30 við Stóru-Laxá var rofinn til að bjarga þar mannvirkjum. Nú hefur lokunin aftur á móti varað lengur en nokkurn gat grunað og í upphafi var gert ráð fyrir. Eru aðstæður nú orðnar grafalvarlegar og þessi langa lokun hefur þegar haft gríðarleg áhrif á samfélagið allt hér í Uppsveitum Árnessýslu. Rétt er að minna á að umræddur vegur er stofnvegur og þeim er ætlað að tengja saman byggðir landsins. Með lokuninni er skorið á mikilvæga samgönguæð og má þar til dæmis minna á skólaakstur barna sem lengst hefur um allt að klukkustund á dag í verstu tilfellum og var hann þó ærinn fyrir. Auk þess er ljóst að umrædd lokun hefur haft afdrifarík áhrif á atvinnulíf og ekki síst ferðapjónustu. Sveitarstjórn telur að með auðveldum hætti hefði verið hægt að opna veginn með einföldu ræsi í framhjálaupinu þar sem nú rennur nánast ekkert vatn um eftir að Stóra-Laxá ruddi sig. Í ljósi þessa skorar sveitarstjórn á veghaldara að gera allt sem mögulegt er til að tryggja umferð um veginn þegar í stað.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

##### **1. Fundargerð 253. fundar skipulagsnefndar frá 25. janúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. janúar sl.**

Lögð fram fundargerð 253. fundar skipulagsnefndar frá 25. janúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. janúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

##### **Mál nr. 22. Auðsholt 5: Auðsholt spennistöð; Stofnun lóðar.**

Lögð er fram umsókn er varðar stofnun lóðar úr Auðsholti 5 L166721. Um er að ræða 49 fm lóð undir spennistöð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við stofnun lóðarinnar með fyrirvara um að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins samhliða á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar með fyrirvara um að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins samhliða á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

**Mál nr. 23. Gata: Brekkuhlíð; Stofnun lóðar.**

Lögð er fram umsókn frá Reyni Jónssyni er varðar stofnun 40.185 fm lóðar, Brekkuhlíð, úr upprunalandi Götu 166750.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við stofnun lóðarinnar með fyrirvara um að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins samhliða á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar með fyrirvara um að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins samhliða á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

**Mál nr. 30. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. janúar sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. janúar sl.

2. **UTU bs.: Fundargerð 97. fundar stjórnar frá 19. desember sl.**

Lögð fram fundargerð 97. fundar stjórnar UTU bs. frá 19. desember sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn vill nota þetta tækifæri og þakka Jóhannesi Hreiðari Símonarsyni fyrir hans störf fyrir UTU og þann árangur sem náðst hefur við framþróun embættisins. Jafnframt er þakkað fyrir afar gott samstarf um leið og Jóhannesi er óskað velfarnaðar í nýju starfi.

3. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.: Fundargerð 59. fundar frá 24.1 sl.**

**Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:**

**Liður 3: Tillaga að breyttum gjaldskrá (a og c).**

Lögð fram fundargerð 59. fundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. frá 24. janúar sl.

Afgreiða þarf sérstaklega liði nr. 3a) og 3c).

Liður 3a) Tillaga að breyttri gjaldskrá vegna fjárhagsaðstoðar. Sveitarstjórn samþykkir að fjárhagsaðstoð verði hækkuð í samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs (9,3%) frá og með 1. mars 2023. Grunnfjárhæð fyrir einstakling verði 196.740 kr.

Liður 3b) Tillaga að breyttri gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna, afgreiðslu er frestað þar til stjórn Bergrisans bs hefur fjallað um gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna.

Liður 3c) Tillaga að breyttri gjaldskrá heimaþjónustu. Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá heimaþjónustu hækki um 9,3%. Lægra gjald verði 694 kr á tímann og hærra gjald 984 kr á tímann.

Fundargerðin lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

4. **Atvinnumálastefna Uppsveitanna: Fundargerð 3. fundar frá 24. janúar sl.**

Lögð fram fundargerð 3. fundar vinnuhóps um Atvinnumálastefnu Uppsveitanna.

Lagt fram til kynningar.

**Erindi til sveitarstjórnar:**

5. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 26. janúar 2023.**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með boðun á XXXVIII landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður föstudaginn 31. mars 2023. Landsþingsfulltrúar verða boðnir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum.

Lagt fram til kynningar en oddviti er fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum. Auk hans situr sveitarstjóri landsþingið.

6. **Drög að reglum um hvatagreiðslur til íþróttá-, lista- og tómsundaiðkunar.**

Lögð fram drög að reglum um hvatagreiðslur til íþróttá-, lista- og tómsundaiðkunar.

Sveitarstjórn samþykkir reglur um hvatagreiðslur til íþróttá-, lista- og tómsundaiðkunar með eftirfarandi breytingu: aldursmörk verði 6-18 ár frá og með 1. janúar 2023. Frá og með árinu 2023 muni verkefnið kallast frístundastyrkur. Einnig verði tekin út setning er snýr að upphæð hvers árs.

7. **Umsókn um fjallaskála í Hrunamannahreppi.**

Lögð fram umsókn frá Fannborg ehf, rekstraraðila ferðapjónustu í Kerlingarfjöllum sem hafa óskað eftir að taka á leigu eftirfarandi fjallaskála í Hrunamannahreppi að undangenginni auglýsinu sveitarfélagsins. Um er að ræða lóðir í Efri-Kisubotnum, við Grákoll, Helgaskála, í Leppistungum og í Svínárnesi. Fannborg ehf hefur áhuga á að byggja upp fjölbreytta ferða- og afþreyingarmöguleika í og við Kerlingarfjöll og tengja við byggðarkjarnann á Flúðum. Í umsókninni kemur fram að félagið óskar eftir því að fá að byggja upp áðurnefnd skálasvæði í þeim tilgangi taka móti ferðamönnum í skálagistingu allt árið um kring. Í erindinu er óskað eftir samtali við Hrunamannahrepp um uppbyggingu og framkvæmdaáætlun.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ræða við Fannborgu ehf með það að markmiði að gerður verði samningum um skálasvæðin til lengri tíma.

8. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanni, tækifærisleyfi.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Hrunamannahrepps um tækifærisleyfi til áfengisveitinga fyrir árlegt Hjónaball íbúa Hrunamannahrepps í íþróttahúsinu á Flúðum frá 4. mars 2023 frá kl. 19:00 til kl. 03:00 aðfararnótt 5. mars 2023.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við veitingu leyfisins.

9. **Úthlutun lóða við Fannborgartanga.**

Sveitarstjórn úthlutar nú lóðum fyrir alls 25 íbúðir við Fannborgartanga, fyrsta áfanga Byggðar á Bríkum. Alls bárust 150 umsóknir um þær lóðir sem auglýstar voru. Umsækjendur sem uppfylla ákvæði reglna um lóðaúthlutun voru 146. Dregið var úr umsóknum og hljóta eftirtaldir aðilar umræddar lóðir. Til vara eru dregin nöfn sem verða boðnar lóðirnar í réttri röð komi til þess að einhverjum þeirra verði skilað á síðari stigum.

**Fannborgartangi 2-4, parhús**

Alls bárust 10 umsóknir um Fannborgartanga 2-4.

Geir Gíslason/Gunnar Ingi Jónsson

Til vara:

Magnús Víðir Guðmundsson/Guðmundur Magnússon

Klapparverk ehf

Föxur ehf

Gæðabygg sf

**Fannborgartangi 6-8, parhús**

Alls b árust 10 umsóknir um Fannborgartanga 6-8.

Magnús Víðir Guðmundsson/Guðmundur Magnússon

Til vara:

Jökulverk ehf

Þol sf

Klapparverk ehf

Hús og stigar ehf

Daði Geir Samúelsson vék af fundi kl. 15:36.

**Fannborgartangi 10-12, parhús**

Alls b árust 13 umsóknir um Fannborgartanga 10-12.

Daði Geir Samúelsson/Samúel U. Eyjólfsson

Til vara:

Gunnar Kristján Haraldsson/Haraldur Sveinn Gunnarsson

Jökulverk ehf

Þol sf

Hús og stigar ehf

**Fannborgartangi 14-16, parhús**

Alls b árust 13 umsóknir um Fannborgartanga 14-16.

Gunnar Kristján Haraldsson/Haraldur Sveinn Gunnarsson

Til vara:

Föxur ehf

Daði Geir Samúelsson/Samúel U. Eyjólfsson

Geir Gíslason/Gunnar Ingi Jónsson

Jökulverk ehf

Daði Geir Samúelsson tók aftur sæti á fundinum kl. 15:49.

Bjarney Vignisdóttir vék af fundi kl. 15:50.

**Fannborgartangi 1-7, raðhús, 4 íbúðir**

Alls b árust 19 umsóknir um Fannborgartanga 1-7.

Læmi ehf

Til vara:

Jökulverk ehf

Owen ehf

Þol ehf

Probygg ehf

Pálmatré ehf

**Fannborgartangi 9-15, raðhús, 4 íbúðir**

Alls b árust 19 umsóknir um Fannborgartanga 9-15.

Gæðabygg ehf

Til vara:

Ab gámar ehf

Owen ehf

Pittore ehf

Landstólpi ehf

Hugmyndaríkur ehf

**Fannborgartangi 17-21, raðhús, 3 íbúðir**

Alls bárust 18 umsóknir um Fannborgartanga 17-21.

Stóllinn undir stiganum ehf

Til vara:

Ab gámar ehf

2790 ehf

Klapparverk ehf

G.G. tré ehf

Gæðabygg sf

**Fannborgartangi 23-27, raðhús, 3 íbúðir**

Alls bárust 17 umsóknir um Fannborgartanga 23-27.

Reykjamelur ehf

Til vara:

Silfurhöllin ehf

Sumarbyggð ehf

Stóllinn undir stiganum ehf

Platínum ehf

Owen ehf

Bjarney Vignisdóttir tók aftur sæti fundinum kl. Kl. 16:04.

**Fannborgartangi 18, einbýli**

Alls bárust 10 umsóknir um Fannborgartanga 18.

Sigurpór Maggi Snorrason

Til vara:

Sævar Breki Snorrason

Gunnar Ingi Jónsson

Nína Faryna

Geir Gíslason

**Fannborgartangi 20, einbýli**

Alls bárust 10 umsóknir um Fannborgartanga 20.

Gunnar Ingi Jónsson

Til vara:

Nína Faryna

Snorri Ingimarsson

Sævar Breki Snorrason

Stefán Karl Snorrason

**Fannborgartangi 22, einbýli**

Alls bárust 11 umsóknir um Fannborgartanga 22.

Snorri Ingimarsson

Til vara:

Stefán Karl Snorrason

Nína Faryna

Sævar Breki Snorrason

Geir Gíslason

Sveitarstjórn óskar lóðarhöfum til hamingju með lóðir sínar og vonar að þessi úthlutun sé upphafið að kröftugri uppbyggingu Hrunamannahrepps til framtíðar.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. SASS: Fundargerð 591. fundar stjórnar frá 13. janúar sl.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. Almannaþingarnefnd Árnassýslu: Fundargerð fundar frá 17. janúar sl.**  
Lagt fram til kynningar.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 224. fundar frá 20. janúar sl.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. Bergisinn bs.: Fundargerð 49. stjórnarfundar frá 5. janúar sl.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. Bergisinn bs.: Fundargerð 50. stjórnarfundar frá 13. janúar sl.**  
Lagt fram til kynningar.
- f. Arnardrangur hses.: Fundargerð 2. stjórnarfundar frá 5. janúar sl.**  
Lagt fram til kynningar.
- g. Arnardrangur hses.: Fundargerð 3. stjórnarfundar frá 13. janúar sl.**  
Lagt fram til kynningar.

**Mál til kynningar:**

- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 917. fundar stjórnar frá 20.1 sl.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:26.